



Borgarráð

***Tillaga um innheimtu fasteignagjalda af atvinnuhúsnæði skv. II. kafla í lögum nr. 22/2021, Breytingar á ýmsum lögum tengdum málefnum sveitarfélaga***

Fjármála- og áhættustýringarsvið óskar eftir að borgarráð samþykki að sviðið setji fram reglur um hvernig skuli fara með innheimtu fasteignaskatta af atvinnuhúsnæði vegna áráanna 2020-2022 í kjölfar þess að lögveð hefur verið lengt í fjögur ár.

Fjármála- og áhættustýringarsvið leggur einnig til að borgarráð samþykki að sviðið setji fram reglur um gerð greiðsluáætlana og lækkun dráttarvaxta, til þeirra sem staðið hafa við greiðsluáætlun, vegna fasteignaskatta af atvinnuhúsnæði vegna áráanna 2020-2022. Skilyrði fyrir gerð greiðsluáætlana og lækkun dráttarvaxta verði að gjaldandi eigi við verulega rekstrarörðugleika að stríða vegna kórónuveirufaraldursins eða gjaldendum sem leigja húsnæði til rekstraraðila sem sömu skilyrði eiga við um.

Reglurnar verða unnar að höfðu samráði við Samtök ferðapjónustunnar, SAF og Samtök verslunar og þjónustu, SVP, áður en þær verða lagðar fram í endanlegu formi.

Reglurnar skal leggja fyrir borgarráð til samþykktar.

*Halldóra Káradóttir*

Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs